

Nd.

383. Frumvarp til laga

um samkomudag reglulegs Alþingis 1947.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1947 skal koma saman fyrsta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrir á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni forsætisráðherra. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um einstök ákvæði frv. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

„Verkefnum reglulegs Alþingis 1946 er skemmra komið en svo, að því geti orðið lokið fyrir venjulegan samkomutíma reglulegs þings, 15. febrúar. Er því óhjákvæmilegt að breyta með lögum samkomudegi næsta reglulegs þings, og þykir stjórninni bezt henta að ákveða hann 1. október, nema nauðsyn beri til að kveðja þingið saman til reglulegs fundar fyrir á árinu.“